

Nd.

217. Nefndarálit

[130. mál]

um frv. til l. um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er liður í fjáröflunartillögu ríkisstjórnarinnar í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að lagður verði á sérstakur skyldusparnaðarskattur sem færi ríkissjóði aukin fjárráð á næsta ári sem nemur 1 milljarði króna. Skattur þessi leggst á tekjur einstaklinga, sem eru umfram 2 400 000 kr. sem skattgjaldstekjur, og á 3 100 000 kr. tekjur hjá hjónum á sama grundvelli. Sparnaðarskyldan er 10% af þessari fjárhæð sem er umfram þessi tekjumörk.

Minni hl. er ekki andvígur skyldusparnaðarskatti af þeirri tegund sem hér um ræðir, en telur þó að önnur fjáröflun fyrir ríkissjóð hefði fremur átt að koma til en þessi. Í því sambandi bendir minni hl. á þá staðreynd, að mikill meiri hluti alls konar rekstrarfyrirtækja greiða engan tekjuskatt til ríkisins þrátt fyrir umfangsmikinn rekstur og veltu sem nemur hundruðum milljóna króna. Skyldusparnaður samkv. frv. er eingöngu bundin við einstaklinga, en öll félög — jafnt hlutafélög, samvinnufélög og sameignarfélög — sleppa algjörlega við fjárbindingu samkv. ákvæðum frv.

Þá felast í frv. ákvæði um tvöföldun á flugvallargjaldi, og er áætlað að það færi ríkissjóði um 300 milljónir kr. á ári, og einnig tvöföldun á sérstakri gjaldtöku á veitt gjaldeyrisleyfi, og mun það gefa um 200 millj. kr. á ári. Álögur þessar eru einkennandi fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar sem virðist fela í sér sífelldar hækkunarir á öllum sviðum.

Það er skoðun minni hl., að fjáröflunartillögur ríkisstjórnarinnar í heild séu rangar og óréttlátar. Þar eru þó verstu dæmin hækkun sjúkratryggingagjaldsins, ranglega skráð skattvísitala sem hækkar tekjuskatt allra til muna, og framlenging vörugjaldsins og launaskattsins. Til viðbótar þessu kemur svo skattlagningin samkv. þessu frumvarpi.

Minni hl. er andvígur þessum fjáröflunartillögum í heild og getur því ekki stutt það frumvarp sem hér er um að ræða.

Alþingi, 17. des. 1977.

Lúðvík Jósepsson,
frsm.

Gylfi Þ. Gíslason.